



*Selfjall, Hánefur, Þverárhjúkur og Mosahnjúkur. Í milli og lægra er Árhjúkur og í forsælu til hægri er Stakhóll.*

## Göngulýsing

Upp úr kl. sjö að morgni lagði ég af stað akandi upp í Dalsmynni og út á Flateyjardal. Það var mikill hugur í mér og tilhlökkun fyrir verkefni dagsins því veðurútlit var gott. Á norðurleiðinni baðaði sólin tinda ofan Vesturheiðar og gaf þetta góð fyrirheit um komandi göngu. Vel gekk mér norður á dal en þegar ég kom út að Þveránni um einum km sunnan við Hof leist mér þannig á að ástæðulaust væri að fara að sullast í ánni á bílnum. Mat ég það þannig að bakki árinna að norðan væri það óruggur fyrir mig einbíla að sunnan árinna lét ég staðar numið



*Fyrir botni Ytridals rís Þverárhjúkur. Í afvikinu norðan hans eru Jökulbrekkur, hálf-ill gönguleið yfir í Kaðaldal í Hvalvatnsfirði. Þeirri leið er lýst aftur í þessu riti. Þvergil heitir niður úr Jökulbrekkum. Olnbogi er þar sem bugða er á ánni í forsælunni og dalurinn hækkar. Stórhæð er á miðjum dalnum og þar framan við eru Fletir. Hánefur til vinstri, Mosahnjúkur til hægri.*



*Hánefur 755 m hár skilur að Syðri- og Ytri-Brettingsstaðadal.*

enda kom það svo sem út á eitt. Seinna um daginn varð ég vitni að akstri bíla yfir ána og þakkaði ég fyrir að hafa látið vera að fara lengra á bílnum.

Þaðan sem ég var að búa mig undir göngu dagsins var gott að virða fyrir sér Mosahnjúk og Hánef. Í stefnu milli þeirra reis tindur Þverárhjúks til himins en vesturhlíðar hans tilheyrir Hvalvatnsfirði. Eftir að hafa vaðið yfir Þverá tók ég stefnuna upp milli Stakhóls og Þverár í átt að álitlegri uppgöngu á Mosahnjúk. Á þessari leið datt ég úr forsælunni inn í yl og sólbjarta dýrðina þar sem sólin var að hafa sig upp yfir fjöllin á Austurheiði. Gaman var að virða fyrir sér eggjar Hánefs á leiðinni og forvitnilegt var að vita hvort þær væru ekki vel færar en ég var nú bjartsýnn á það. Vel gekk upp brekkurnar og þegar hækkun er tæplega hálfnuð á Mosahnjúk í rúmlega 400 m hæð er komið upp á nokkurs konar flata sem heitir Mosar og þaðan er lagt á hnjúkinn sjálfan.



*Kominn á Mosa og Mosahnjúkur ofar.*